

29.03.2021

21119

Dreifing

Nína Baldursdóttir, Kópavogsbær

Höfundur

Ómar Valur Maack / omar@vso.is

Yfirfarið/Samþykkt

VÁÁ

Tíðfni

Kóravöllur – Endurnýjun gervigrasyfirborðs

Mat tilboða

1 Inngangur

Þriðjudaginn 23.mars 2021 voru opnuð tilboð í útboðsverkið „Kóravöllur – endurnýjun gervigrasyfirborðs“. Heildarverkið felst í eftirfarandi:

- Uptöku gervigrass og innfyllingar af núverandi knattspyrnuvelli. Flutningi alls efnis til förgunar hjá viðurkenndum förgunaraðila.
- Jöfnun og lagfæringu á legu hitalagna á hluta af velli og jöfnunarlags á velli undir fjaðurlag, ásamt því að steypa fjaðurlag (in-situ).
- Útvegum og fullnaðarfrágang gervigrass á núverandi knattspyrnuvöll utanhúss við Vallarkór í Kópavogi. Gervigrasið skal vera af bestu fánlegum gæðum og uppfylla FIFA Quality staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Grasið skal vera með nýju fjaðurlagi og með grænni EPDM virgin innfyllingu eða EPDM R(ecycled) grárri innfyllingu.
- Prófun á grasinu að fullnaðarfrágangi loknum til staðfestingar á að það uppfylli fyrirliggjandi kröfur staðals og útboðsgagna.
- Útvegum og uppsetning á tveimur aðalmörkum auk fjögurra hornfána og fullnaðarfrágangi búnaðarins þ.á.m. festingum í jörðu.

Alls bárust 5 tilboð í verkið frá eftirtöldum 2 aðilum:

- Metatron ehf. (4 tilboð)
- Leiktæki og Sport ehf. (1 tilboð)

Yfirlit yfir einstök tilboð er að finna í meðfylgjandi yfirliti.

Samantekt tilboða

Bjóðandi	Tilboð	Yfirfarin upphæð	Upplesin upphæð
Metatron ehf.			
Polytan - LigaTurf Legend PRO 240 18/10 - Þráður 365µ	1	51.969.997	51.969.998
Polytan - LigaTurf RS+ 16/10 - Þráður 360µ	2	55.466.344	55.466.344
Polytan - LigaTurf Legend Pro 18/10 - Þráður 365µ	3	65.169.597	65.169.597
Polytan - LigaTurf RS+ 18/10 - Þráður 360µ	4	68.813.040	68.813.041
Leiktæki og Sport ehf.			
DOMO Duraforce XSL 40M/12 - Þráður 360µ	5	68.040.000	68.040.000

Í útboðsgögnum komu fram kröfur um að lagt sé staðsteypt fjaðurlag (púði) sem nýtt gervigras leggst ofan á. Gerðar eru kröfur um að innfylling gervigrassins sé EPDM Virgin grænt gúmmí eða EPDM R(ecycled) dökkgrátt gúmmí.

Öll tilboðin 5 sem bárust uppfylltu þær gæðakröfur sem gerðar eru til heildarkerfis gervigrassins sem farið er fram á í útboðsgögnum og skiluðu inn þeim gögnum sem óskað var. Sjá lið 2.

Metatron ehf.

Metatron leggur fram eftirfarandi 4 tilboð. Þykkt fjaðurlags (púða) er eins í öllum tilboðum, 25mm þykkt. Gervigrasið í öllum tilboðum er frá þýska framleiðandanum Polytan.

Tilboð 1:

- Ligaturf Legend PRO gras með þéttleika 18/10 (18 spor á hverja 10cm) og 365µ þráð. Innfylling er EPDM R(ecycled) dökkgrátt gúmmí. Fjaðurlag (púði) 25mm staðsteyptur í öllum tilboðum. Bil á milli saumalína er 1.9cm. Sambærilegt gras og er í Akraneshöllinni, en þar er EPDM Virgin grænt gúmmí í innfyllingu.

Tilboð 2:

- Ligaturf RS+ gras með þéttleika 16/10 (16 spor á hverja 10cm) og 360µ þræði. Innfylling er EPDM R(ecycled) dökkgrátt gúmmí. Fjaðurlag (púði) 25mm staðsteyptur í öllum tilboðum. Bil á milli saumalína er 1.9cm. Sambærilegt gras og er hjá Árborg (Selfoss) og Stjörnunni æfingavelli.

Tilboð 3:

- Ligaturf Legend PRO gras með þéttleika 18/10 (18 spor á hverja 10cm) og 365µ þráð. Innfylling er EPDM Virgin grænt gúmmí. Fjaðurlag (púði) 25mm staðsteyptur í öllum tilboðum. Bil á milli saumalína er 1.9cm. Sambærilegt gras og er í Akraneshöllinni að öllu leyti.

Tilboð 4:

- Ligaturf RS+ gras með þéttleika 18/10 (18 spor á hverja 10cm) og 360µ þræði. Innfylling er EPDM Virgin grænt gúmmí. Fjaðurlag (púði) 25mm staðsteyptur í öllum tilboðum. Bil á milli saumalína er 1.9cm. Sambærilegt gras og er Víkingsvelli, Fylkisvelli og Fagralundi Kópavogi.

Leiktæki og Sport ehf.

Leiktæki og Sport ehf býður fram eitt tilboð frá belgíska framleiðandanum DOMO Sports Grass.

Tilboð 5:

DOMO Duraforce XSL gras með þéttleika 12/10 (12 spor á hverja 10cm) og 360µ þræði. Innfylling er EPDM R(ecycled) dökk grátt gúmmí. Fjaðurlag (púði) 25mm staðsteyptur í öllum tilboðum. Bil á milli saumalína er 1.6cm. Ekki er vitað um sambærilegt gras á Íslandi.

2

Mat tilboða

Bjóðendurnir tveir skila inn staðfestingu efnisprófana sem uppfylla FIFA Quality sem krafist var í gögnum. Að auki uppfylla öll tilboðin og kerfin í þeim FIFA Quality Pro.

Í kafla. 0.1.8 koma fram þær kröfur sem bjóðendur og gervigras á að uppfylla.

- Útfyllt tilboðsblað – *Uppfyllt hjá báðum aðilum.*
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og starfslið. – *Uppfyllt hjá báðum aðilum.*
- Nöfn og starfsreynslu helstu stjórnenda, sem að verkinu koma. Hver verður yfirstjórnandi verksins. – *Uppfyllt hjá báðum aðilum.*
- Nafn eftirlitsmanns vinnusvæðamerkinga ásamt staðfestingu um tilskilin réttindi hans. – *Vantar hjá báðum aðilum. Hægt að fara yfir á fyrsta fundi með verktaka.*
- Upplýsingar um reynslu verktaka af sambærilegum verkum. Verktaki skal hafa unnið a.m.k. eitt sambærilegt verk á sl. 5 árum. – *Uppfyllt hjá báðum aðilum.*
- Skrá yfir undirverktaka, ef einhverjir kunna að vera, og upplýsingar um hvaða verkhluta bjóðandi hyggst láta þá vinna. Einnig upplýsingar um sambærileg verk sem þeir hafa unnið. – *Uppfyllt hjá báðum aðilum.*
- Viljayfirlýsing undirverktaka og / eða iðnmeistara um þátttöku þeirra í verkinu. – *Vantar hjá báðum aðilum. Hægt að fara yfir á fyrsta fundi með verktaka.*
- Skrá yfir helstu vélar og tæki sem bjóðandi hyggst nota. Verkkaupi skal eiga þess kost að skoða þær vélar og þau tæki sem tilgreind eru. – *Uppfyllt hjá báðum aðilum.*

Í kafla 0.1.8.1 er koma fram þær kröfur sem gervigrasið á að uppfylla.

- Efnislýsing gervigrass og innfyllingar:
 - Tegundaheiti gervigrass og framleiðanda. – *Uppfyllt.*
 - Uppbygging gervigrass. – *Uppfyllt.*
 - Gerð gervigrass, þ.e. lengd stráa. Aðeins er óskað eftir tilboðum í gervigras með einstráa („mono fiber“) grasstráum. – *Uppfyllt.*
 - Þéttleiki stráa í grasmottu. – *Uppfyllt.*
 - Upplýsingar um kornakúrfu gúmmíkurls sem setja á í gervigrasmottuna. Gefa skal upplýsingar um gerð gúmmís í gúmmíkurl. Innfylling skal vera græn með EPDM Virgin gúmmíi eða grá EPDM R(ecycled) auk silicasands að forskrift einstakra framleiðanda. – *Uppfyllt.*
 - Yfirlit og yfirlýsingu frá framleiðanda um efnainnihald innfyllingar sem bjóðandi hyggst nota í völinn. – *Uppfyllt.*
 - Upplýsingar um þá velli sem þegar hafa verið lagðir með því efni sem bjóðandi býður og upplýsingar um umsjónarmenn þeirra valla sem verkkaupi getur haft samband við, gerist þess þörf. Gerð er sú krafa að bjóðendur geti vísað á aðra velli í norður Evrópu sem eru með eins grasi og uppbyggingu

og hafa verið lagðir síðastliðna 24 mánuði. – Metatron uppfyllir þetta ákvæði. Leiktæki og Sport ehf. vísa ekki í aðra velli með sambærilegri uppbyggingu og boðin er.

- Vottun um að efni sem boðið er uppfylli gerðar kröfur. Vottunin skal vera frá NBI (Norges byggeforskningsinstitut) eða annarri sambærilegri viðurkenndri stofnun. Áhersla er lögð á að þær vottanir sem skilað er inn með tilboði eigi nákvæmlega við um það efni og þá uppbyggingu kerfis sem boðið er. – Uppfyllt.
- Viðhaldsáætlun gervigrass. – Uppfyllt.
- Yfirlýsing um ábyrgðartíma. - *Hjá Polytan og Domo Sports Grass er ábyrgðartími á framleiðslu efnis 5 ár. Sem lækkar í hlutfalli við hvert ár ef viðhald er framkvæmt eins og framleiðandi mælir með.*

Metatron á þrjú lágstu tilboðin sem uppfylla öll útboðsgögn. Metatron hefur mikla reynslu af lagningu gervigrasvalla hér á landi. Munurinn á tilboðunum er gerð grasmottu, stráa og þéttleika þeirra. Mikil reynsla er komin á Ligaturf RS+ (tilboð 2 og 4) þráðinn hér á landi og eru nýlegir vellir lagðir af Reykjavíkurborg með slíku gervigrasefni. Ligaturf Legend efnið er nýrra og hefur verið lagt á einn völl hér á landi í Akraneshöllinni.

Leiktæki og Sport ehf. býður efni frá belgíska framleiðandanum DOMO Sports Grass sem er virtur framleiðandi gervigrassefnis. Ekki hefur verið lagður völlur í fullri stærð frá þeim framleiðanda hér á landi, svo vitað sé.

3 Niðurstaða útboðs

Að undangenginni yfirferð á tilboðum og því sem lýst hefur verið hér á undan er eftirfarandi ljóst.

- Gervigras aðilanna tveggja eru frá þekktum framleiðendum og uppfylla þær kröfur sem útboðsgögn gera til boðinna gervigraskerfa.

Í ljósi yfirferðar er það mat undirritaðs að verð sker úr um val á gervigrasi á Kóravöllum.

Metatron ehf. á þrjú lágstu tilboðin.

Mjög góð reynsla er komin á Ligaturf Legend Pro 18/10 Akraneshöllinn EPDM Virgin og Ligaturf RS+ 16/10 sem er tilboð nr. 2 frá Metatron, Árborg (Selfoss) og æfingavellir hjá Stjórnunni EPDM R(ecycled) .

Bent er á að Metatron býður tvö efni og tvær mismunandi innfyllingar EPDM R(ecycled) grátt gúmmi og EPDM Virgin grænt gúmmi. Mikill verðmunur er á milli þessa tveggja efna eða um 13,25mkr á Kóravöllum. Bæði efnin uppfylla kröfur en EPDM R(ecycled) er verksmiðjuframleitt gúmmi sem fellur til úr framleiðslu t.d. á þéttiköntum fyrir þvottavélar eða bíla og EPDM Virgin er sérframleitt og til í mun minna magni sem skýrir verðmuninn.

Í ljósi þessa er lagt til að verkkaupi gangi til samninga við Metatron um tilboð nr. 1, Ligaturf Legend Pro 18/10 EPDM R(ecycled) að upphæð 51.969.998 kr mVSK.

Ómar Valur Maack